

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarkauptún, nr. 82 10. apríl 1945.

1. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna við hafnarsvæðið eða skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða hafnargjöld einu sinni á ári, sem hér segir:

Vélbátur yfir 5 rúmlestir brúttó greiði kr. 20.00 af hverri brúttórúmlest, þó ekki yfir kr. 1000.00 árlega.

Vélbátur undir 5 rúmlestum brúttó greiði árlegt gjald kr. 100.00.

- b. Fiskiskip greiði kr. 1.00 af hverri nettórúmlest, þó ekki oftar en 5 sinnum á ári.
 c. Innlend strandferðaskip greiði kr. 0.70 af hverri nettórúmlest í hvert sinn, er þau koma á Eskifjarðarhöfn.
 d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma og hafa samband við land, greiði kr. 1.20 af hverri nettórúmlest í hvert skipti, er þau koma á Eskifjarðarhöfn.

2. gr.

24. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skip, sem lagt er við föst legutæki á höfninni, greiði árlega fyrir það, sem hér segir:

- a. Ef þau eru skrásett í Eskifjarðarkauptúni og að öllu leyti eign manna, sem búsettir eru við hafnarsvæðið, greiði opnir bátar yfir 3 rúmlestir brúttó kr. 100.00, vélbátar með þilfari kr. 300.00, en stærri skip kr. 500.00. Gjald þetta er árlegt gjald og er gjalddagi þess hinn 1. október ár hvert.
 b. Um aðra báta eða skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

3. gr.

1. töluliður 25. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Gjöld af bryggjum hafnarsjóðs:

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða að skipi, sem við hana liggur, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins talið í heilum rúmlestum, en brotum skal sleppt. Varðskip eru þó undanþegin bryggjugjaldi. Gjöldin greiðast sem hér segir:

- a. Af öllum aðkomuskipum, öðrum en varðskipum, greiðist kr. 0.70 af nettórúmlest fyrir fyrsta sólarhring og kr. 0.50 fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring sem fram yfir er.
 b. Bátar og skip, heimilisföst á Eskifirði, skulu greiða kr. 8.00 af hverri brúttórúmlest einu sinni á ári.

4. gr.

30. gr. reglugerðarinnar (vörugjaldskrá) orðist þannig:

Vörugjald skal greiða sem hér segir:

1. Kol, salt, sement, pr. 100 kg	kr.	2.50
2. Saltfiskur, verkaður og óverkaður, pr. 100 kg	—	2.50
3. Freðfiskur, pr. 100 kg	—	2.50
4. Síldarlýsi og annað lýsi, pr. 100 kg	—	2.50
5. Freðsíld, pr. 100 kg	—	2.50
6. Fiski-, síldar- og fóðurmjöl, pr. 100 kg	—	2.50
7. Korn, mjölvörur, sykur, pr. 100 kg	—	2.50
8. Tilbúinn áburður, pr. 100 kg	—	2.50

9. Fuelolía, pr. 100 kg	kr. 3.00
10. Hráolía, steinolía, benzín, pr. 100 kg	— 3.50
11. Kjöt, pr. 100 kg	— 3.50
12. Fiskumbúðir, pr. 100 kg	— 3.50
13. Skreið, pr. 100 kg	— 3.50
14. Línur, ónglar, net, nætur, pr. 100 kg.....	— 4.00
15. Smurningsolíur, pr. 100 kg	— 4.00
16. Málning, pr. 100 kg	— 6.00
17. Hreinlætisvörur, pr. 100 kg	— 8.00
18. Kaffi, pr. 100 kg	— 12.00
19. Ávextir, pr. 100 kg	— 8.00
20. Rúðugler, pr. 100 kg	— 12.00
21. Vefnaðarvörur, pr. 100 kg	— 20.00
22. Tóbak, pr. 100 kg	— 40.00
23. Timbur, pr. teningsfet	— 0.60
24. Tómar tunnur, pr. stk.	— 1.20
25. Saltsild, pr. tunnu	— 2.50
26. Aflagjöld af sild og öðrum fiski, pr. 100 kg	— 0.80
27. Aðrar vörur sem reiknast eftir þunga, pr. 100 kg	— 4.00

Minnsta gjald í hverjum flokki er kr. 2.50

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 139 30. júlí 1957, um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Eskifjarðarkauptún nr. 82 10. apríl 1945.

Samgöngumálaráðuneytið, 20. apríl 1965.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Stykkishólmskaupþún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Stykkishólmshöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr svonefndum Baulutanga beina línu í Hvítabjarnarey, þaðan beina línu í Þórishólma, þaðan beina línu í Böllusker og þaðan sjónhendingu í Lundaklett.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Stykkishólmshepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna, undir yfirstjórn þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál hverju sinni. Hver nýkjörin